

Til Selmu Hafliðadóttur nefndarritara,  
Nefndasviði Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.



Alþingi  
Erindi nr. P 133/1152  
komudagur 21.2.2007

**Krabbameinsfélagið**

12. febrúar 2007

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um váttryggingasamninga,  
nr. 30/2004

Krabbameinsfélag Íslands hefur fengið til umsagnar ofangreint þingmál.

Fyrir hönd krabbameinssjúklinga geri ég athugasemdir við tilgang þessa frumvarps.

Það hefur lengi verið baráttumál þeirra sem greinast með krabbamein, einkum þeirra sem ungir eru, hafa læknast, eiga lífið framundan og þurfa að sjá fjölskyldum sínum farborða að geta fengið sjúkdóma- eða líftryggingar eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þetta hefur reynst torsótt leið eða ófær.

Það, að kanna heilsufar nákominna ættingja bendir til þess að ætlunin sé að slíkar upplýsingar hafi forspárgildi. Vitneskja um alvarlegan sjúkdóm hjá foreldri, systkini eða barni yrði þá væntanlega nýtt til að hækka iðgjaldagreiðslur váttryggingartaka eða váttryggða, synja um tryggingu eða setja viðkomandi sérskilmála. Þarna er í raun verið að leita eftir persónugreinanlegum upplýsingum sem auðvelt er að halda í gagnabanka váttryggingafélags. Þó að bannákvæði sé tiltekið í 2. mgr. 82 gr. laganna um hagnýtingu á niðurstöðum erfiðarannsóknna er hér í raun verið að seilast eftir hliðstæðum upplýsingum í breytingartillögu við 1. mgr. 82. gr.

Það er hagsmunamál samfélagsins að þegnar þess njóti jafnréttis til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum og geti gert til þess viðeigandi ráðstafanir. Þeir sem hafa fengið alvarlega sjúkdóma eiga almennt harðari glímu við þessi grundvallaratriði en þegar þeir hafa læknast er mikilvægt að þeir njóti sömu réttinda og aðrir. Líka til að tryggja hag sinn og fjölskyldu sinnar.

Hér vegast á viðskiptahagsmunir tryggingafélaga og friðhelgi og persónuréttindi einstaklinga. Velta má því fyrir sér hvert stefnir þegar vísindum fleygir fram og fleira verður ljóst með tilurð sjúkdóma en nú er. Verða þeir þá dregnir í dilka sem lítil áhætta er fólgin í að tryggja en hinir skildir eftir sem bera með sér einhverja áhættu og eiga grýttari vegferð framundan?

Fyrir hönd Krabbameinsfélagsins styð ég ekki þessa breytingu og mæli því ekki með samþykkt þessa frumvarps. Ennfremur legg ég til að orðin "eða annarra einstaklinga" sem finna má aftast í 2. mgr. 82. gr. núgildandi laga verði felld niður.

Með vinsemd,

  
Guðrún Agnarsdóttir forstjóri  
Krabbameinsfélags Íslands